

## GÆÐARAMMI LHÍ UM STARFSNÁM

Samþykkt í framkvæmdaráði 24. október 2018

### INNGANGUR

Listaháskólinn sendir árlega 40-50 nemendur í starfsnám. Flestir nemendur fara eftir útskrift þótt dæmi séu um að nám á vettvangi sé metið sem hluti af námi, sbr. sviðshöfundar, dansnemendur og starfsnám að sumri. Þetta krefst umsýslu og undirbúnings og í samtali okkar við nemendur og fagstjóra höfum við orðið þess varar að skilningurinn á starfsnámi og hlutverki/ábyrgð móttökuaðila er misjafn. Dæmi eru um að nemendur telji sig geta nýtt styrkinn til samstarfsverkefna með félögum erlendis. Okkur skortir skýrari ramma og skilgreiningar.

Það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar ef ramminn er ekki skýr:

- Nemendur fara til móttökuaðila sem ekki hefur forsendur til að veita þjálfun.
- Nemendur lenda í þeirri aðstöðu að vinna verkefni sem hafa lítið eða ekkert með fagsvið þeirra að gera.
- Listaháskólinn getur orðið uppvís að því að styðja við framboð ókeypis vinnuafls. Hér að neðan eru tillögur að skilgreiningum.

### SKILGREINING – STARFSNÁM

Starfsnám veitir nemendum tækifæri til þess að öðlast þjálfun á fagvettvangi. Þjálfunin skal tengjast því fagi sem nemandi stundar við LHÍ og stuðla að því að nemandi þrói færni sína í faginu. Nemendur nýta þekkingu og aðferðir sem þeir hafa lært í náminu á vettvangi. Starfsnám skal miða að því að styrkja tengslanet, byggja upp ferilskrá, leiða til aukinna starfstækifæra og veita alþjóðlega reynslu.

Í starfsnámi vinnur nemandi þau verkefni sem honum eru falin hjá móttökuaðila, og hlýtur þjálfun frá sínum leiðbeinanda. Með þeim hætti felur starfsnám í sér ávinning fyrir báða aðila.

Staða starfsnema getur verið launuð eða ólaunuð, en ávallt er um að ræða tímabundna stöðu.

**Starfsnámssamningur** tilgreinir markmið starfsnámsins, verkefni nemanda, hæfniviðmið, ásamt tímabili og fyrirkomulagi starfsnáms. Með samningnum skuldbindur móttökuaðili sig til þess að veita nemenda þjálfun, og nemandi skuldbindur sig til þess að starfa hjá móttökuaðila samkvæmt lýsingu. Listaháskólinn er ábyrgur fyrir styrkveitingu og veitir aðstoð ef upp kemur ágreiningur á milli aðila.

Styrkveiting er háð því að deild nemanda samþykki starfsnámslýsingu.

### SKILGREINING – MÓTTÖKUADILI / MENTOR

Móttökuaðili getur verið fyrirtæki, stofnun, samtök eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. Móttökuaðili skal hafa viðtæka reynslu af fagvettvangi og ákjósanlegt er að leiðbeinandi hafi lokið námi í faginu (nema um langan starfsferil sé að ræða). Leiðbeinandi skal búa yfir þekkingu og færni sem gerir honum kleift að leiðbeina starfsnema þannig að hann hljóti markvissa þjálfun á þeim sviðum sem lýst er í starfsnámssamningi. Að þessu leyti er ekki gert ráð fyrir að um jafningjafræðslu sé að ræða.

Móttökuaðili skal skilgreina verkefni starfsnema með það í huga að nemandi sé í þjálfun og að hann eigi að öðlast ákveðna færni í starfsnáminu. Starfsnemi getur aldrei komið í stað starfsmanns/launþega.

Móttökuaðili ábyrgist að þjálfun nemandans fari fram á faglegan hátt. Mikilvægt er að móttökuaðili skilji hlutverk sitt sem leiðbeinandi og nýti ekki einungis starfskrafta starfsnemans í sína þágu.

Móttökuaðili skal veita starfsnema fullnægjandi vinnuaðstöðu sem er í samræmi við þau verkefni sem honum eru falin.

Móttökuaðili skal tryggja öryggi starfsnema. Móttökuaðili er ábyrgur fyrir því að nauðsynlegar tryggingar séu til staðar fyrir starfsnemann: Ferðatrygging, ábyrgðartrygging, sjúkratrygging, slysatrygging og líftrygging (sjá nánar: [https://ec.europa.eu/education/wemean-business/how-host-trainee\\_en](https://ec.europa.eu/education/wemean-business/how-host-trainee_en)).

Miðað er við að móttökuaðili geti tekið að hámarki við 1-2 nemendum frá Listaháskólanum á ári.

## **LEITAÐ AÐ MÓTTÖKUADILA**

Nemendur eru ábyrgir fyrir því að finna móttökuaðila sem getur uppfyllt markmið starfsnámsins.

Fagstjórar og kennarar nemenda geta veitt ráðgjöf og geta nýtt eigið tengslanet til þess að benda nemendum á aðila á vettvangi.

## **SÍÐAREGLUR OG MIKILVÆG ATRIÐI**

Starfsnámsstyrkur miðast við dvalartímabil hjá móttökuaðila í Evrópu.

Ekki er unnt að veita styrk fyrir starfsnám sem unnið er á Íslandi, hvort sem um er að ræða fjarvinnu eða vegna verkefna móttökuaðila héraðs. Ef hluti starfsnámsins fer fram á Íslandi, þarf að draga umrædda daga frá styrktímabilinu.

Starfsnema er ekki skylt að vinna önnur verkefni en þau sem koma fram í starfsnámssamningi, sér í lagi ef þau tengjast ekki þjálfun í faginu.

Starfsnema er ekki skylt að vinna umfram umsaminn vinnutíma.

Ef upp kemur ágreiningur við móttökuaðila, t.a.m. vegna ofangreindra atriða, skal nemandi leita til alþjóðaskrifstofu LHÍ.

Ef nemandi þarf að leita aðstoðar vegna eineltis eða áreitiss skal láta alþjóðaskrifstofu eða námsráðgjafa vita tafarlaust.

Ekki gert ráð fyrir því að nemendur fari í starfsnám til núverandi samstarfsaðila eða félaga sinna.

Staða starfsnema getur verið launuð eða ólaunuð, en ávallt er um að ræða tímabundna stöðu. Starfsnemi getur aldrei komið í stað starfsmanns/launþega.